

**Sp.**

**262. Beiðni um skýrslu**

**[245. mál]**

frá fjármálaráðherra um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins síðan 26. maí 1983.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Geir Gunnarssyni, Hjörleifi Guttormssyni,  
Skúla Alexanderssyni, Garðari Sigurðssyni, Steingrími J. Sigfússyni,  
Helga Seljan, Ragnari Arnalds og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að fjármálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um kaup og sölu fasteigna sem fram hafa farið á vegum ríkisins síðan 26. maí 1983 til þessa dags.

Í skýrslunni verði getið kaup- og söluverðs hverrar fasteignar, fasteigna- og brunabótamats og greiðsluskilmála. Gerð verði grein fyrir stærð húsnæðis, afhendingartíma og kostnaði við breytingar. Einnig komi fram í skýrslunni hvort heimild var fyrir viðskiptunum í fjárlögum þegar viðskiptin fóru fram.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Alþingi, 8. des. 1986.

Guðrún Helgadóttir.

Geir Gunnarsson.

Hjörleifur Guttormsson.

Skúli Alexandersson.

Garðar Sigurðsson.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Seljan.

Ragnar Arnalds.

Svavar Gestsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.